

Ár 2013, laugardaginn 29. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

### **Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Isavia ohf.**

#### **I.**

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 87/2009, skal kjararáð ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Af þessu leiðir að ákvörðun um laun forstjóra Isavia ohf. heyrir undir kjararáð.

#### **II.**

Með bréfi dagsettu 12. júlí 2012 var forstjóra Isavia ohf. tilkynnt að kjararáð hefði ákveðið að taka fjölda mánaðarlegra eininga hans til skoðunar. Í bréfinu kom fram að meginmarkmið hennar væri að draga enn frekar úr innbyrðis ósamræmi í launum þeirra sem heyra undir kjararáð. Einnig yrði einingaverð hækkað og yrði hið sama og hjá öðrum þeim sem undir ráðið heyra. Mánaðarlegum einingum yrði fækkað á móti. Með bréfinu var forstjóra Isavia ohf. gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið í tilefni af fyrirhugaðri launaákvörðun, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Með bréfum dagsettu sama dag var fjármálaráðuneytinu og stjórn Isavia ohf. gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Í svari fjármálaráðuneytisins dagsettu 13. ágúst 2012 segir að með ákvörðun kjararáðs frá 21. desember 2011 hafi launum þeirra sem undir ákvörðunarvald kjararáðs heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009, verið breytt þannig að þau færu sem næst því sem þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Einnig hefði viðmiðunarverð á einingum vegna sama hóps breyst. Einingaverð þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009 hafi hins vegar verið óbreytt. Telur fjármálaráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli launakjör forstjóra Isavia ohf.

Í bréfi forstjórans dagsettu 17. ágúst 2012 er annars vegar gerð grein fyrir breytingum á launum forstjórans til lækkunar þegar ákvörðun um laun hans var færð undir ákvörðunarvald kjararáðs og hins vegar breytingum á launum forsætisráðherra frá þeim tíma. Er þess krafist að launin verði leiðrétt til samræmis við föst dagvinnulaun forsætisráðherra. Í bréfinu kemur fram að eðlilegt viðmið með tilliti til starfa og ábyrgðar séu laun forstjóra stórra fyrirtækja í íslenskri ferðaþjónustu. Jafnframt kemur fram að innan fyrirtækisins séu fjölmargir á hærri launum en forstjórinn. Í bréfinu er farið fram á að við ákvörðun á fjölda eininga verði litið til þess að um er að ræða forstjóra næststærsta fyrirtækis í Samtökum ferðaþjónustunnar. Í ráðningarsamningi forstjórans sé tekið fram að honum sé skylt að öllu jöfnu að vera til taks á öllum tímum enda fylgi starfinu mikill erill sem ekki sé bundinn við venjulegan dagvinnutíma heldur nær yfir allan vöcutíma, hvort heldur á virkum dögum eða um helgar. Einnig megi geta þess að starfsemi þess sé virk allan sólarhringinn víða um land allt árið um kring. Eðli starfsins geri það þannig að verkum að mikils vinnframlags sé þörf. Einnig megi nefna að vinnuálag hafi farið vaxandi með auknum umsvifum félagsins, en rekstrartekjur Isavia ohf. hafi hækkað um 22% milli árána 2009 og 2011. Kemur jafnframt fram að umsvifin fari vaxandi. Því sé eðlileg krafa að einingum verði fjölgað frekar en fækkað. Að endingu ítrekar forstjórinn að svigrúm sé til að leiðrétta laun hans án þess að farið verði á svig við starfsreglur kjararáðs.

Með bréfi dagsettu 25. september 2012 fékk forstjóri Isavia ohf. sent svar fjármálaráðuneytisins til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þess.

Í bréfi forstjórans dagsettu 11. október 2012 tekur hann undir sjónarmið sem fram koma í bréfi fjármálaráðuneytisins.

### III.

Í lögum nr. 153/2009 um samruna opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar kemur fram að tilgangur Isavia ohf. (þ.e. yfirtökufélagsins) skuli vera í samræmi við tilgang hinna yfirteknu félaga, þ.e. Flugstoða og Keflavíkurflugvallar og skuli nánar lýst í samþykktum félagsins. Við samrunann skuli hið nýja félag yfirtaka öll réttindi og allar skuldbindingar hinna yfirteknu félaga sem kveðið sé á um í lögum nr. 102/2006 um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, Flugstoða ohf., og lögum nr. 76/2008 um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl. Í síðarnefndu lögunum segir að tilgangur félagsins sé að annast rekstur, viðhald og uppbyggingu Keflavíkurflugvallar sem borgaralegs alþjóðaflugvallar auk hagnýtingar flugvallarsvæðisins í þágu öryggis- og varnartengdrar starfsemi og þjóðlegra skuldbindinga ríkisins. Enn fremur skuli félagið annast rekstur, viðhald og uppbyggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, þ.m.t. rekstur verslunar með tollfrjálsar vörur á flugvallarsvæðinu, starfsemi sem sé í beinum tengslum við flugrekstur, rekstur flugvalla og flugstöðvar og aðra starfsemi sem nauðsynlegt er að sé innan haftasvæðis flugverndar. Í lögum nr. 102/2006 segir að tilgangur félagsins sé að annast rekstur og uppbyggingu flugleiðsöguþjónustu, þ.m.t. flugumferðarþjónustu, fjarskipta- og leiðsögukerfa og annast rekstur og uppbyggingu flugvalla svo og aðra skylda starfsemi.

### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar.

Með lögum nr. 87/2009 var kjararáði falið að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Að auki var einstökum lögum sem varða allmargar stofnanir og opinber hlutafélög breytt til þess að fela kjararáði að ákveða laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra þeirra, þar á meðal forstjóra Isavia ohf. Jafnframt var svo kveðið á í lögunum, að kjararáð skyldi við ákvörðun sína gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en föst laun forsætisráðherra, eins og kjararáð hefði ákveðið þau.

Hinn 23. febrúar 2010 úrskurðaði kjararáð um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með ofangreindum hætti bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Þar sagði meðal annars að til þess að ná markmiði laga nr. 87/2009 um að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en laun forsætisráðherra og til þess

að komast hjá því að laun lækkuðu óhóflega, væri óhjákvæmilegt við ákvörðun launa þeirra sem úrskurðurinn næði til að víkja frá því markmiði kjararáðs að draga úr vægi eininga eins og áður hefði verið stefnt að. Tímabundið ósamræmi myndi því hljóttast á milli sumra þeirra sem hefðu heyrt undir kjararáð og þeirra sem við bættust.

Kjararáð ákvað forstjóra Isavia ohf. laun hinn 21. júní 2010. Við ákvörðun mánaðarlegra eininga var gætt meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun hans lækkuðu óhóflega. Í ákvörðuninni kom einnig fram að hún gildi fyrir þann sem þá gegndi starfinu. Jafnframt sagði að búast mætti við endurskoðun einingafjölda allra þeirra sem undir kjararáð heyra eftir 1. desember 2010.

Með ákvörðun sinni frá 21. desember 2011 breytti kjararáð launum þeirra sem undir ráðið heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald þess með áður nefndum lögum nr. 87/2009. Með ákvörðuninni var launum breytt þannig að þau færu sem næst því að verða eins og þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Þetta var gert þannig að í flestum tilvikum fjölgaði mánaðarlegum einingum og einingaverð hækkaði. Eining er nú 1% af launaflokki 502-132 í stað 502-126 áður hjá þessum hópi. Þannig dró úr því innbyrðis ósamræmi sem hlaut milli þeirra sem heyrdðu undir kjararáð fyrir gildistöku laga nr. 87/2009 og þeirra sem við bættust samkvæmt lögum.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að einingaverð hjá forstjóra Isavia ohf. hækki og verði hið sama og hjá öðrum sem undir kjararáð heyra. Í ljósi aukinna umsvifa í starfsemi Isavia ohf. frá því forstjóra voru síðast ákveðin laun verður fjöldi eininga óbreyttur.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001 sem gilda um laun og starfskjör forstjóra Isavia ohf.

Laun og starfskjör forstjóra Isavia ohf. skulu því vera sem segir í ákvörðunarorði.

## V.

### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. ágúst 2012 skulu mánaðarlaun forstjóra Isavia ohf. vera samkvæmt launaflokki 502-140, nú 903.784 krónur. Að auki skal greiða honum 50 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú 6.918 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Hafi forstjóri Isavia ohf. notið bifreiðahlunninda og kjósi að gera það áfram skal draga verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjórans gilda reglur kjararáðs frá 9. júní 2010.

---

Svanhildur Kaaber

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Kolbeinn H. Stefánsson